

# LEIKSKÓLINN HLÍÐ

# STARFSÁÆTLUN

2024-2025



Nafn: Hlíð

Heimilisfang: Hlaðhamrar 4

Símanúmer: 5667375

Vefsíða: [www.hlid.leikskolinn.is](http://www.hlid.leikskolinn.is)

Netfang: [hlid@mos.is](mailto:hlid@mos.is)

Unnið af: Steinunni Báru Ægisdóttur

## Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Ávarp leikskólastjóra .....	5
Mat á leikskólastarfi .....	7
Innra mat – Matsáætlun 2023-2028 .....	7
Innra mat síðasta skólaárs- niðurstöður og umbótaáætlun.....	7
Innra mat- aðlögun.....	7
Ytra mat.....	8
Foreldrakönnun .....	8
Styrkleikar.....	8
Veikleikar .....	8
Umbótaáætlun .....	9
Starfsmannakönnun .....	10
Áherslur í starfi leikskólans.....	11
Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	11
Starfsmannamál .....	11
Starfsmannahópurinn 1.september 2024 .....	11
Starfsþróunarsamtöl.....	12
símenntun síðasta árs 2023-2024 .....	12
Símenntunaráætlun 2024-2025 .....	13
Aðrar upplýsingar .....	14
Barnahópurinn 1. September.....	14
Foreldrasamvinna.....	14
Aðlögun .....	14
Verklag í aðlögun barna.....	15
Almennar upplýsingar .....	16
Skóladagatal .....	16
Áætlanir .....	16
Fylgirit.....	16
Matsgögn.....	16
Steinahlíð.....	16
Hamrahlíð.....	16
Esjuhlíð .....	16
Klettahlíð .....	16
Úthlíð .....	16

Aðlögun- áætlun.....	16
Aðlögun B -vegna lengri aðlögunar .....	16

## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og matsáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannahald.
- Fjöldi barna, fjöldi deilda, fjöldi virkra tungumála
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir skólaárið.

## Ávarp leikskólastjóra

Þann 1. september 2023 urðu tímamót í leikskólanum Hlíð. Sveinbjörg Davíðsdóttir lét af störfum eftir að hafa verið við stjórnvöl hér í 2 vetur, ásamt því að stýra leikskólanum Hlaðhömrum. Ég, Steinunn Bára Ægisdóttir tók við starfi Sveinbjargar. Ég er vel kunnug Hlíð enda hef ég starfað hér síðan haustið 2016, þá sem háskólamenntaður starfsmaður og síðar sem deildarstjóri og nú leikskólastjóri. Nýr aðstoðarleikskólastjóri tók við í desember 2023, Kristín Ásta Jónsdóttir og sinnir hún einnig sérkennslu. Kristín Ásta hefur einnig mikla reynslu á leikskólastarfi og hefur bæði sinnt deildarstjórastöðu í Hlíð og eins sinnti hún sérkennslu í mörg ár.

Fyrsta ár mitt sem leikskólastjóri hefur gengið vonum fram, það er mikið að læra og margt nýtt sem maður þarf að tileinka sér í nýju starfi. Það er einnig ánægjulegt að vita af því að starfsfólkið er gott og umburðarlynt og stendur þétt við bakið á mér.

Í vor, rétt fyrir sumarfrí urðu óvæntar breytingar hvað varðar leikskólamála Hlíðar haustið 2024 þegar í ljós kom að hluti af börnunum sem áttu að fara í annan leikskóla þyrftu því að halda áfram í Hlíð. Auki þurftum við að fjölga um 6 börn sem leiðir af sér aukið álag á sumar deildir, bæði fyrir börn og starfsfólk.

Vegna þessa þurfi að fara í mikla vinnu við að endurskipuleggja leikskólann í heild, í ljósi þess að við vorum búnað að skipuleggja allar deildir, og þurftum því færa til börn á milli deilda og leikskóla. Leikskólinn hefur undanfarin ár verið ungbarnaleikskóla fyrir börn frá 1-3ja ára en í ár munum við vera með börn frá 1-4 ára og því eru mörg hver börnin að hefja sinn þriðja vetur hérna hjá okkur.

Haustið hófst með tilheyrandi raski vegna viðgerða á þaki og er aðalinngangur því lokaður þar til viðgerð klárast.

Í vor sóttum við um styrk úr Klörusjóði fyrir gróðurhúsi til að rækta þar ýmis kryddjurtir og plöntur með börnunum. Við fengum styrk til að koma okkur af stað og stefnum við á að setja af stað söfnun á Karolínafund til að eiga þess kost að kaupa fullbúið gróðurhús. Við fengum svo símtal frá foreldri sem starfar hjá fyrirtæki sem átti gróðurhús sem það vildi gefa okkur. Við erum því komin með hús og getum nýtt peninginn til að kaupa það sem vantar í húsið.

Steinunn Bára Ægisdóttir, leikskólastjóri



# Mat á leikskólastarfi

## Innra mat – Matsáætlun 2023-2028

Matsþættir	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Stjórnun	Leikskólabragur	Innra mat
<b>2023-2024</b>					
<b>Aðlögun nýrra barna og á milli deilda Verklag í aðlögun</b>	Aðlögunarferli. Skoða hvernig má gera betur í aðlögun þannig að börn og foreldrar finni til öryggis	-Metið á deildum. Sett saman matsteymi -Matsteymi gerir umbótaáætlun um verklag	Deildarstjórar eru í matsteyminu.		Teymi sér um að fara yfir matið og gera umbótaáætlun að nýju aðlögunarplani
<b>Lubba og Blæstundir Sameiginleg söngstund á sal</b>	Að meta skipulagðar stundir í Lubba, Blæ og söngstundum í sal	Þeir sem sjá um stundirnar skrái niður og meti hverja stund	Skipulag stundanna. Samræma á milli deilda hvað er tekið fyrir í hverri stund	Viðhorf starfsmanna til stundanna	Stundirnar metnar og ígrundaðar
<b>2024-2025 Skólastarf</b>	Samþætt og skapandi leikskólastarf. Náms svið leikskóla Endurskoðun skólanámskrár	Virkt námskrárteymi Gott og raunhæft skipulag við endurskoðun skólanámskrár	Forysta stjórnenda	Þátttaka starfsfólks við gerð endurskoðunar	Skólanámskrá yfirfarin og endurbætt eftir þörfum
<b>2025-2026 Fagmennska kennara og símenntun</b>	Þekking starfsmanna á skólanámskrá Hlíðar	Starfsþróun og starfsánægja	Stuðningur við starfsmenn Starfsmannasamtöl	Einkenni leikskólabrags Hlíðar	
<b>2026-2027 Stjórnunarhættir</b>	Leikskólaþróun		Leikskólastjóri sem faglegur leiðtogi	Samvinna. Upplýsingamiðlun Teymisvinna	Sameiginleg sýn
<b>2027-2028 Innra og ytra mat. Umbótaáætlanir</b>	Skipulag mats og gagnaöflun	Matsteymi og þátttaka í mati	Eftirfylgni umbótaáætlana		Opinber birting mats og umbætur

## Innra mat síðasta skólaárs- niðurstöður og umbótaáætlun

Í leikskólanum Hlíð erum við stöðugt að ígrunda og meta starfið okkar. Á starfsdögum, deildarfundum og í formlegum og óformlegum stundum.

Eitt af því sem við metum hvert ár er aðlögun. Eftir að Hlíð varð ungbarnaleikskóli þá dvelja börnin að jafnaði einungis eitt til tvö ár hjá okkur. Okkur er mikið í mun að öll börn og foreldrar þeirra finni að þau séu velkomin og finni til öryggis hjá okkur. Því leggjum við mikið upp úr því að aðlögunin sé sem árangursríkust. Eftir síðasta mat var ákveðið að fjölga börnum í fyrsta holti úr 4 í 6 börn. Að aðlaga tvo hópa fyrst og taka viku pásu frá aðlögun til að ná góðum tókum á þeim hóp sem kominn er og þau börn orðin öruggari.

### Innra mat- aðlögun

Í haust virkjuðum við aðlögunarteymi leikskólans sem samanstendur af deildarstjórum hvarrar deildar. Á fyrsta starfsmannafundi haustsins hittist hver deild fyrir sig og mátu aðlögunina (sjá fylgiskjöl). Aðlögunarteymið sá um að fara yfir matið og meta styrkleika og veikleika. Teymið hittist reglulega yfir veturinn. Teymið útbjó nýja verkferla fyrir aðlögun, annars vegar fyrir ný börn og hins vegar fyrir aðlögun á milli deilda. Teymið breytti einnig aðlöguninni sjálfri og lengdi hana. Í gegnum

tíðina hefur gengið misvel að aðlaga sum börn og þyrftu þau lengri aðlögun. Teymið brást við því og útbjó aðlögunarverkferil B sem hægt er að grípa til sé þess þörf. Að auki voru öll skjöl sem tengjast aðlögun þýdd á ensku og pólsku

## Ytra mat

### Foreldrakönnun

Í febrúar sendi skólapúlsinn út foreldrakönnun til foreldra. Heilt yfir kom könnunin vel út og foreldrar almennt ánægðir. Það voru margir jákvæðir punktar og nokkrir punktar sem komu í ljós sem gefa okkur tækifæri til að bæta okkur í starfi.

### Styrkleikar

- **Ánægðir foreldrar**
  - Heilt yfir eru foreldrar ánægðir með stjórnun deilda sinna barna eða 98,4% og 95,2% ánægja er með leikskólann í heild. Foreldrar minntust á jákvætt og glatt starfsfólk, mikil gleði, gott andrúmsloft og hlýlegt umhverfi.
- **Hollt mataræði**
  - 98,5% þeirra sem svöruðu könnuninni telja að barnið sitt fái hollan mat í leikskólanum. Við erum afskaplega heppin að hafa hana Doru í eldhúsinu. Hún leggur mikinn metnað í að gera góðan og hollan mat og passar alltaf að allir fái mat við sitt hæfi.
- **Tengsl við starfsfólk leikskólans**
  - 98,4% voru ánægðir með tengsl við starfsfólk á deildum barna sinna. Við leggjum okkur fram við að eiga í góðum og jákvæðum samskiptum við foreldra

### Veikleikar

- **Aðlögun milli deilda**
  - Í könnuninni kom í ljós óánægja hvernig aðlögun var háttað á milli deilda. Þetta vissum við og strax í haust setti ég í gang aðlögunarteymi sem skipað var af deildarstjórum hvernar deildar. Ákveðið var að meta aðlögun í heild og hefur teymið unnið þrekvirkni í vetur með reglulegum fundum og umbótaáætlun þegar verið gerð.
- **Þekking á stefnu og námskrá leikskólans**
  - 76,7% töldu sig vera vel upplýsta um stefnu og námskrá leikskólans. 23,3% sögðust vera lítið eða ekki upplýst.
  - Á næsta starfsári liggur fyrir að endurskoða námskrána, samhliða því munum við vinna að því að finna leiðir til að kynna stefnu og námskrá leikskólans þannig að það skili sér betur til foreldra. Það kom fram í könnuninni t.d að foreldri hefði viljað fá að vita hvernig námið færi fram í leikskólanum samhliða því að vera að aðlaga barnið sitt og námskrá ekki kynnt fyrir foreldrum. Á hverju hausti þegar við höldum kynningarfund fyrir nýja foreldra kynnum við námskrána fyrir foreldrum og bendum á heimasíðuna.
- **Upplýsingamiðlun**
  - Í ljós kom í könnuninni að það mætti láta vita með meiri fyrirvara um tímasetningar viðburða og frídaga í leikskólanum



## Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímasetning	Árangur/mat
<b>Þekking foreldra á stefnu og námskrá leikskólans</b>	Kynna betur stefnu og námskrá leikskólans fyrir foreldrum.	Kynna betur á vorfundi, haustfundi og í foreldrasamtölum. Hafa námskrána sýnilegri	Stjórnendur og deildarstjórar	Nóvember 2024	Mái 2025
<b>Fagmennska kennara og símenntun</b>	Þekking starfsfólks á stefnu og námskrá leikskólans	Starfsfólk tekur virkan þátt í endurskoðun námskrár á starfsdögum, starfsmannafundum	Stjórnendur	September 2024	Apríl maí 2024
<b>Endurskoða námskrá</b>	Yfirfara námskrána og breyta/laga sem þarf	Vinna að námskrá fer fram á starfsmannafundum, fagfundum og skipulagsdögum með aðkomu alls starfsfólks. Aðalnámskrá leikskóla 2011 verður leiðandi þáttur í vinnunni	Leikskólastjóri	September 2024	Apríl-maí 2025
<b>Upplýsingamiðlun til foreldra</b>	Auglýsa með meiri fyrirvara tímasetningar viðburða og frídaga í leikskólanum	Senda tölvupóst með betri fyrirvara um viðburði og frí. Hengja upp tilkynningar. Setja alla viðburði í dagatal á Völu sem er aðgengilegt fyrir foreldra. Senda skóladagatal til foreldra í byrjun hausts	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Ágúst 2024	Júní 2025

## Starfsmannakönnun

Árlega hefur Mosfellsbær sent út mannauðskannanir sem fyrirtækið Maskína hefur annast. Í ár urðu breytingar í þeim málum þar sem Mosfellsbær tók upp nýtt kerfi sem leggur upp með að leggja fyrir styttri kannanir en oftar. Þetta er mannauðslausn frá Moodup. Moodup mælir starfsfánægju og tengda þætti til að bæta vinnustaðinn.

Starfsfólk fær sent sms eða tölvupóst sem inniheldur hlekk þar sem þeir svara örfáum og stuttum spurningum í senn. Könnunin var send á mánaðarfresti til að byrja með en stefnan er á að senda könnunina út annan hvern mánuð.

Starfsánægja er 8,4 sem er 0,7 yfir viðmiði



# Áherslur í starfi leikskólans

## Áherslur leikskólans næsta starfsár

Verkefni	Markmið	Leiðir að markmiði	Ábyrgðarmaður	Árangur/Mat
<b>Umhverfis-mennt - Grænfána-verkefni</b>	Að börn fái að upplifa og njóta náttúrunnar. Að stuðla að því að þau verði náttúruunnendur sem hugsa vel um jörðina	Við flokkum allan úrgang og moltum, börn og foreldrar taka þátt í því ferli með okkur t.d. með því að koma með tóma eggjabakka sem við notum sem stoðefni í moltutunnuna. Börnin fá tækifæri til að fara með kennara út í moltutunnu og aðstoða við setja í tunnunna og hræra í henni. Tækifæri gefst til að upplifa náttúruna og síbreytilegt viðfangsefni eins og laufin, vatnið, sandinn, snjóinn og ýmislegt fleira	Í Hlíð er starfandi umhverfisteymi sem samanstendur af áhugasömu starfsfólki sem ábyrgð á allri vinnu með verkefninu	Umhverfisteymi sér um að gera matsáætlun fyrir næsta skólaár og fylgir því eftir
<b>Snerpusamtal</b>	2 snerpusamtöl yfir árið. Annað fyrir áramót og hitt eftir áramót	Samtal 1. Að ræða starfsfánægju, starfsanda og samskipti á vinnustað. Samtal 2. Að greina styrkleika/hæfileika starfsmanns og finna leiðir til að nýta þá sem best	Leikskólastjóri	Að starfsfólk fái að láta í ljós skoðanir, hugsanir og líðan í starfi og finni að á það sé hlustað
<b>Fjólubláa mappan</b>	Yfirfara fjólubláu starfsmannamöppuna	Að mappan verði skoðuð í heild sinni og uppfærð eftir því sem við á	Stjórnendur	Að mappan verði yfirfarin og allar upplýsingar uppfærðar
<b>Deildarfundir</b>	Að koma á reglulegum deildarfundum	Að hver deild fái að jafnaði 30 mín deildarfund á tveggja vikna fresti. Afleysingarfólk leysir af	Stjórnendur	Að starf deildanna verð markvissara og starfsfólk sé upplýst og nái þannig að fylgjast með framvindu í starfi deildarinnar. Vinnan er farin af stað. Staðan verður tekin um áramót.

## Starfsmannamál

### Starfsmannahópurinn 1.september 2024

Stöðugildi í Hlíð þann 1.september 2024 er 25,7.

Starfsmannafjöldi er 37 í mismunandi starfshlutfalli. 9 starfsmenn eru með annað móðurmál en íslensku, þau eru þýska, úkraínska, pólska, filipseyska og gríska. Þess má geta að allt starfsfólkið talar góða íslensku og er að læra málið.

Leikskólakennarar eru 5. Einn starfsmaður í menntunarfræði leikskóla og einn í leikskólakennarafræði í Háskóla Íslands. Þá eru þrír starfsmenn í fæðingarorlofi og tveir starfsmenn í veikindaleyfi vegna komandi fæðingar.

## Starfsþróunarsamtöl

Í Hlíð leggjum við ríka áherslu á að starfsfólki líði vel og að hlustað sé á það, sem er vissulega lykilþáttur í uppbyggingu jákvæðs starfsanda. Starfsþróunarsamtöl/snerpusamtöl hafa verið 2-3 ári með skólastjóra. Í ár ætlum við að prófa aftur að vera með snerpusamtöl, 2-3 yfir skólaárið. Samtölin standa að jafnaði í um 15 mínútur. Snerpusamtöl gefa starfsmönnum kleift að vera í góðum samskiptum við stjórnendur og fá reglulega tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

## símenntun síðasta árs 2023-2024

Símenntun	Markmið	Þátttakendur	Tímajöldi	Kostnaður -greiðandi	Námskeiðshald /Ábyrgð / Staðsetning
<b>Leikskólakennarafræði haust- og vorönn 2023-2024</b>	Útskrifast sem leikskólakennari	Salka	Tímajöldi fer eftir námskeiðum	Hlíð	Háskóli Íslands Stað- og rafræn námskeið 3 morgnar í viku
<b>Menntunarfræði leikskóla, MT Haust- og vorönn 20223-2024</b>	Leyfisbréf kennara	Emma	Tímajöldi fer eftir námskeiðum	Hlíð	Hí öll námskeið rafræn á haustönn
<b>Ærslaleikur-Kraganámskeið 19.10</b>	Fræðsla	Hafdís og Heiða	2 tímar	Hlíð og skólaskrifstofur í Kraganum	Kraganámskeið. Umsjón : skólaskrifstofa Garðabæjar. Rafrænt
<b>Tákn með Tali 27.09</b>	Að kynnst TMT tjáskiptaaðferðina og fjölbr.notkun hennar	Jóna Magnea	7 tímar	Þátttakandi/styrkur frá stéttarfélagi	Ráðgjafar- og greiningarstöð. Haldið í strandgötu 24 HFJ.
<b>Blær</b>	Grunnnámskeið fyrir leikskóla 0-6 ára	Hafdís Heiða Margrét	7 tímar	Þátttakendur/styrkur frá stéttarfélagi	Barnaheill
<b>Starfsdagur 21.09</b>	Fræðsla um námsumhverfið, efnivið og rými fyrir yngstu börn í leikskóla	Starfsfólks Hlíðar	3 tímar	Hlíð	Sigríður Síta Pétursdóttir, fyrirlestur í Hlíð
<b>Starfsmanna-fundur 14.09</b>	Hinsegin fræðsla	Starfsfólk Hlíðar	2 tímar	Mosfellsbær	Samtökin 78, fyrirlestur haldinn í Hlíð
<b>Hrós og gagnrýni</b>		Steinunn	9-12	Steinunn	bekkingarmiðlun
<b>Skyndihjálparnámskeið 7.11</b>	Að læra og rifja upp skyndihjálp	Starfsfólk Hlíðar	2-3tímar	Hlíð	Námskeið haldið í Krikaskóla. Herdís Staargard

## Símenntunaráætlun 2024-2025

Símenntun	Markmið	Þátttakendur	Tímafjöldi	Kostnaður - greiðandi	Námskeiðshald /Ábyrgð / Staðsetning
<b>Leikskólakennarafræði haust- og vorönn 2024-2025</b>	Útskrifast sem leikskólakennari	Salka	Tímafjöldi fer eftir námskeiðum	Hlíð og Salka	Háskóli Íslands Stað- og rafræn námskeið 2 morgnar í viku
<b>Menntunarfræði leikskóla, MT Haust- og vorönn 20223-2024</b>	Leyfisbréf kennara	Emma	Tímafjöldi fer eftir námskeiðum	Hlíð og Emma	Háskóli Íslands
<b>Deildarstjórinn sem faglegur leiðtogi í leikskólastarfi</b>	Að styðja deildarstjóra í leikskólum við að efla hæfni sína sem faglegur leiðtogi.	Linda, Jóna Magnea, Sigrún, Elísa og Sigurveig	Kennt í 6 lotum frá sept. 24-mars 25	Menntafléttan	Menntafléttan
<b>Fræðsludagur Mosfellsbæjar</b>	Að dýpka þekkingu á mikilvægi leik barna í leikskólum	Allt starfsfólk	20.sept 2024	Hlíð	Hlíð
<b>Svefn leikskólabarna</b>	Að öðlast þekkingu og skilning á eðli svefns.	Sigurveig Davíðsdóttir	4.nóv 2023	Sigurveig/styrkur	Endurmenntun Háskólans/ Zoom
<b>Solihull</b>	Fræðsla um solihullaðferðina	Steinunn og kristín Ásta	2 skipti	Mosfellsbær	

Listinn hér að ofan er ekki tæmandi því á honum er ekki óformleg fræðsla, lestur fræðigreina né þátttaka í starfshópum og teymum

# Aðrar upplýsingar

## Barnahópurinn 1. September

Haustið 2024 í Hlíð eru 80 börn fædd á árunum 2021 til 2023 og dreifast þau á fimm deildir.

Esjuhlíð og Hamrahlíð eru aldursblandaðar deildir. Klettahlíð, Steinahlíð og Úthlíð eru aldurshreinar deildir.

Deild	2021	2022	2023
Úthlíð	16		
Esjuhlíð	11	8	
Klettahlíð		17	
Hamrahlíð		8	6
Steinahlíð			14

## Foreldrasamvinna

Í upphafi leikskólagöngu er hornsteinn lagður að samstarfi heimilis og skóla þar sem umhyggja og velferð barns er höfð að leiðarljósi. Þar sem Hlíð er ungarnaleikskóli eru langflest börnin aðeins eitt ár í Hlíð en flytjast síðan í aðra leikskóla. Aðlögun barna fer að mestu leiti fram í ágúst og september og er stuðst við svokallaða þátttökuaðlögun sem felur í sér að foreldri er með barni sínu í leikskólanum. Börnin eru aðlöguð í litlum hópum. Skipulag aðlögunar má sjá á verklagsreglum hér í kafla 5.2.2. Í Hlíð er lögð áhersla á góða upplýsingagjöf til foreldra og ýmsar leiðir nýtar. Þær helstu eru: smáforritið Vala, tölvupóstur, upplýsingatafla í fataherbergi og dagleg samskipti. Tvö foreldrasamtöl eru á ári, að hausti og vori. Tveir foreldrafundir eru haldnir, annar í júní ætlaður nýjum foreldrum og hinn að hausti og er ætlaður öllum foreldrum.

Foreldrum er boðið í foreldrakaffi sem eru haldin seinnipart dags. Foreldrakaffi eru að jafnaði þrjú yfir árið.

Foreldraráð er við leikskólann, í því sitja a.m.k. þrjú foreldrar og er kosið í það að hausti (skv.11.gr. laga um leikskóla nr.90). í foreldraráði 2024-2025 eru 4 foreldrar.

## Aðlögun

Það er stór stund fyrir börn að byrja í leikskóla og getur stundum verið erfitt að skilja við foreldra. Í leikskólanum hefur tíðkast að setja upp sérstakt skipulag til að auðvelda börnum og foreldrum þennan aðskilnað. Í Hlíð er þátttökuaðlögun sem byggir á því að foreldrar eru með barninu, inni og úti, hluta dags og taka þátt í starfi leikskólans. Börnin hefja leikskóagönguna í litlum hópum. Í fyrstu aðlögun mæta 6 börn og þá næstu mæta að hámarki 4 börn. Markmiðið með þátttökuaðlögun er að skapa traust milli foreldra og leikskóla sem er grundvöllur farsæls samstarfs. Með því að foreldrar séu þátttakendur í starfinu frá fyrsta degi kynnast þeir dagskipulagi deildarinnar og því sem fram fer í leikskólanum. Aðlögun tekur allt að sex til níu daga ef allt gengur vel.

## Verklag í aðlögun barna

apríl	maí	júní	ágúst	september	október
Foreldrum er boðið pláss í gegnum Völu. Foreldrar hafa viku til að staðfesta eða hafna plássinu	Börnum með staðfest pláss raðað á deildir og þau skráð í Völu. Foreldrum sendur samningur til staðfestingar í Völu	Í Júní er kynningafundur fyrir nýja foreldra. Skýr fundarboð um að ekki verði annar fundur. Senda áminningu til allra í Völu.	Á öðrum degi eftir sumarleyfi hefst aðlögun. Á Hamrahlíð og Steinahlíð koma 6 börn og svo 4 og 4. Á Esju- og Klettahlíð koma fyrst 6 börn, svo 4,3 og 3	Aðlögun lýkur í lok september. Foreldrafundur er í lok september.	<b>Eiginlegri aðlögun er lokið</b>
Aðlögun milli deilda					
Komið á hreint hvaða börn verða áfram í Hlíð næsta vetur		Í þessum mánuði fara börnin í heimsókn á nýja deild.  Kynningarfundur fyrir Úthlíð.	Kennari fylgir frá hverri deild á Úthlíð fyrstu dagana eftir sumarleyfi.  Hólfín á Úthlíð gerð tilbúin að morgni opunnar.	Aðlögun lokið	

## Almennar upplýsingar

[Snemmtæk íhlutun](#)

[Menntastefna – Mosfellsbær](#)

[mos.is/media/2023/10/hlid\\_skolanamskra\\_2021.pdf](https://mos.is/media/2023/10/hlid_skolanamskra_2021.pdf)

## Skóladagatal

[2024-2025\\_leikskoladagatal.pdf \(mos.is\)](#)

## Áætlanir

[Verkferill slys og rýming húsnæðis](#)

[Brunavarnir í Hlíð, viðbrögð við jarðskjálfta](#)

[Handbók um velferð og öryggi í leikskólum \(mms.is\)](#)

[Jafnréttisstefna og áætlun](#)

[Slys á börnum](#)

## Fylgirit

### Matsgögn

### Steinahlíð

<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:071bdb40-4399-4843-ba26-12f9f34d9b81>

### Hamrahlíð

<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:9f6d7fdf-9a49-43ab-8c9c-b313e6107f5b>

### Esjuhlíð

<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:95e16a9a-cc07-474e-bf8d-edf5f74a05c9>

### Klettahlíð

<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:3e606112-0afa-47b6-b1a3-802b8827aae9>

### Úthlíð

<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:1bbb70e5-4f8a-4f13-9af0-4c51e3850d23>

### Aðlögun- áætlun

<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:fbddaa2b-dd07-494f-b7ef-d85a016aef36>

### Aðlögun B -vegna lengri aðlögunar

<https://acrobat.adobe.com/id/urn:aaid:sc:EU:944bda02-b34d-4f2a-a31a-c49f0463dedb>



